



Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Borg, 20. febrúar 2015

**Efni: Umsögn vegna frumvarps til laga um náttúrupassa (heildarlög), 455. mál.**

Á fundi sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps þann 18. febrúar s.l. var tekin fyrir beiðni frá Atvinnuveganefnd Alþingis, dags. 6. febrúar 2015 þar sem óskað er umsagnar sveitarfélagsins á frumvarpi til laga um náttúrupassa (heildarlög), 455. mál.

Eftirfarandi bókun var gerð:

**13. Beiðni Atvinnuveganefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um náttúrupassa (heildarlög), 455. mál.**

*Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps lýsir yfir miklum vonbrigðum að á því tæpa ári sem liðið er síðan málið var síðast til efnislegrar meðferðar hafi ekki meira áunnist og að ekki hafi tillit verið tekið þeirra sjónarmiða sem þá komu fram. Sveitarstjórn hefur sannfærst enn frekar um að hafna beri náttúrupassanum enda verður það fyrirkomulag erfitt og flókið í framkvæmd. Nauðsynlegt er að sett verði lög um gjaldtökuna sem ná til allra ferðamannastaða til að koma í veg fyrir það „gullgrafara“ ástand sem hefur skapast. Einnig þarf að tryggja samngjarna dreifingu tekna til þeirra sem veita grunnþjónustu á ferðamannastöðum. Sveitarstjórn leggur höfuðáherslu á að tekjur sem fást renni óskiptar til þjónustu, verndar og uppbyggingar ferðamannastaða og að eins lítið fari í yfirbyggingu og hægt er. Það er mikið áhyggjuefni að ekki virðist vera til langtímaáætlun um uppbyggingu og verndun ferðamannastaða, listi yfir ferðamannastaði og að gerð laga um landsáætlun um uppbyggingu innviða fyrir ferðamenn hafi ekki farið fram meðan unnið var að gerð frumvarps um gjaldtöku.*

Virðingarfyllt,  
f.h. sveitarstjórnar



SVEITARSTJÓRI  
GRÍMSNES- OG  
GRAFNINGSHREPPS

Ingibjörg Harðardóttir, sveitarstjóri